

**Samantekt: Upplýsingatæknimarkaðurinn á Íslandi**

**Nemandi: Árni Sigurðsson**

**Sérsvið: Fjármál fyrirtækja**

**Dagsetning: Maí 2008**

**Leiðbeinandi: Gylfi Magnússon**

Í þessari rannsókn var fjárhagstaða upplýsingatæknimarkaðarins á Íslandi tekin fyrir og skoðuð fyrir árin 2005 – 2006. Tekin voru fyrir helstu fyrirtæki á Íslandi og borin saman við sambærileg fyrirtæki í Evrópu. Sú aðferðafræði sem notuð var byggist á kennitölu greiningu (e. ratio analysis) og notuð við þá nálgun úr bókunum Mergers, Acquisitions and Corporate Restructurings eftir Patrick A. Gaughan, Corporate Finance eftir Richard A Brealey, Stewart C. Myers og Franklin Allen og Intermediate Financial Management eftir Eugene F. Brigham, Louis C. Gapenski og Phillip R. Daves.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig rekstur hugbúnaðafyrirtækisins OMX Broker Services stendur. Einnig að svara því hvort upplýsingatæknigeirinn á Íslandi sé almennt að skila hagnaði og hvort þessi markaður sé á uppleið, niðurleið eða standi í stað. Hvernig þessi markaður stendur samanborið við Evrópu og hvort kennitölugreining samkvæmt fræðinni skilar nothæfum niðurstöðum.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Upplýsingatæknimarkaðurinn á Íslandi er að skila hagnaði
- Markaðurinn er á uppleið hérna á Íslandi
- Vöxtur er meiri hérna en í Evrópu
- Ísland er styttra kominn og markaðurinn er mun þroskaðari í Evrópu
- OMX stendur vel að vígi á þessum tímavarki en þarf að gera ákveðnar breytingar til að halda stöðu sinni í framtíðinni
- Kennitölugreining virkar einungis ef henni er beitt rétt